

1863.

27. októberm.

herra stiptamtmaður, sent aptur umkvörtunarskjal Jónasar Guðmundssonar, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, er í skjali þessu hafði borið sig upp yfir því, að hann hafi verið kosinn í forstöðunefnd barnaskólans í greindum kaupstað. Eptir að búið er að skrifast á um málefni þetta við kirkju- og kennslustjórnina, skal yður nú kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það, að einsog stjórnarráðið ekki í því, sem hlutadeigandi hefir tilgreint sínu máli til styrkingar, finnur neina ástæðu til að þiggja hann undan að takast á hendur starfa þenna, er hann var til kosinn, þannig verður stjórnarráðið og að fallast á skoðun þá, er þér látið í ljósi í álitsskjali yðar, að Jónas skólakennari Guðmundsson, hvernig sem ástatt var, hefði verið skyldur að ganga í nefndina, þangað til stjórnarráðið með úrskurði sínum gæti gjört út um, hvort undanfærsla hans væri á gildum rökum byggð eður eigi. — En þarsem það stendur í álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, að bæjarfulltrúarnir hafi kosið Jónas skólakennara Guðmundsson til gjaldkera við barnaskólann í Reykjavík og þessvegna einnig sjálfsagt til nefndarmanns í skólanefndinni, þá skal stjórnarráðið geta þess, að þetta fyrst og fremst ekki er í samhljóðan við það, sem fram er komið í málinu, og þvínæst hefði og bæjarfulltrúana, sem áttu rétt á að kjósa hann í skólanefndina, skort heimild til að kjósa hann til gjaldkera fyrir skólann; því eptir því sem ákveðið er í reglug. 27. októbermán. 1862 á skólanefndin að kjósa gjaldkera, og á til hans að kjósa einn af nefndarmönnum.

87. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út Snorra-eddu. 27. októberm.

Halldór Friðriksson, kennari við hinn lærða skóla í Reykjavík, hefir sent stjórnarráðinu bænarskrá um, annaðhvort að hið opinbera taki að sèr kostnaðinn við útgáfu hinnar yngri Eddu, sem hann hefir í hyggju að gefa út, þó svo, að hann þá fái

1863. 100 rdl. í ritlaun, eður að honum verði veittur 150 ríkisdala styrkur til að standast kostnaðinn við útgáfu bókarinnar, sem hann þá að öðru leyti kostar sjálfur. Um þetta skal yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörrið það Halldóri skólakennara Friðrikssyni, að stjórnarráðið ekki getur tekið til greina hið fyrra af því, sem hann hefir um sótt, en þar á móti veitir það honum 150 ríkisdala styrk til að gefa út bókina á sinn eiginn kostnað. Þess skal getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóðnum.

31. októberm. 88. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að málssókn móti Jörgen Guðmundssyni megi niður falla.

Með bréfi, dags. 8. þ. m., hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá frá Jóni Guðmundssyni, settum málaflutningsmanni við landsyfirrættinn, fer hann þess á leit, sem svara- maður Jörgens Guðmundssonar í Reykjavík, sem þér höfðuð látið lögsækja fyrir illa meðferð á konu sinni, annaðhvort að málssóknin verði með öllu látin niður falla, eður að málið að minnsta kosti verði útkljáð á þann hátt, að hann greiði til fátækra sjóðsins hæfilega fjársekt, er stjórnarráðið eður háyfirvaldið ákveði.

Útaf þessu kunngjörir dómsmálastjórnin yður, að sökum hinna sérstaklegu atvika máls þessa og einkum með tilliti til þess, að hjón þau, sem hér er um rætt, hafa sætzt sín á milli og hegðan þeirra síðan verið ólastandi, þá leyfir stjórnarráðið, að mál það, er höfðað hefir verið móti Jörgen Guðmundssyni, megi niður falla, þó svo, að hann greiði kostnað þann, sem málssóknin hefir haft í för með sér.

Skjöl málsins, þau sem eru frumrit, fylgja hérmeð aptur.